

Svar

samgönguráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um einbreiðar brýr.

1. *Hvaða einbreiðu brýr hafa verið breikkaðar ár hvert frá 1998 og hver hefur heildarkostnaðurinn verið á ári á núgildandi verðlagi?*

Hér á eftir er yfirlit yfir einbreiðar brýr sem hafa verið aflagðar eða rifnar og í stað þeirra komið brýr með tveimur akreinum eða sett stálræsi í viðkomandi vatnsfall. Fjárveitingar eru af ýmsum toga, nýframkvæmdir vega, sérstakar fjárveitingar til breikkunar eða endurnýjunar brúa, fjárveitingar til smábrúa og viðhaldsfjárveitingar, þar sem hagkvæmara hefur þótt að endurnýja brýr en gera við. Þá hefur fjárveiting til öryggisaðgerða að hluta til verið notuð í þessu skyni.

Kostnaðartölur eru ekki nákvæmar, sérstaklega þar sem einbreiðar brýr eru endurnýjaðar með stálörum og eru hluti af nýbyggingu vega.

Á árinu 1998 voru eftirtaldar 27 brýr endurnýjaðar eða breikkaðar:

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
1	b6	Hringvegur	Bakkakotsá
1	b7	Hringvegur	Holtsá undir Eyjafjöllum
1	b7	Hringvegur	Svaðbælisá
1	s6	Hringvegur	Víðidalsá hjá Ármótaseli
1	u5	Hringvegur	Fossá í Berufirði
1	v9	Hringvegur	Brunnhólsá
1	v9	Hringvegur	Lambleiksstaðakill
1	y1	Hringvegur	Gígjukvísl
37	04	Laugarvatnsvegur	Andalækur
54	06	Snæfellsnesvegur	Laxá í Miklholtshreppi
54	15	Snæfellsnesvegur	Berserkseyrará
61	07	Djúpvegur	Ennisá
61	29	Djúpvegur	Hjarðardalsá
62	02	Barðastrandarvegur	Vaðalsá
62	03	Barðastrandarvegur	Arnarbýlisá
62	03	Barðastrandarvegur	Hagaá
76	07	Síglufjarðarvegur	Hrolleifsdalsá
96	07	Suðurfjarðarvegur	Selá
268	03	Þingskálavegur	Hraunteigslækur
272	01	Bjallavegur	Bjallalækur
286	01	Hagabraut	Steinslækur í Holtum
574	01	Útnesvegur	Hamraendalækur
643	06	Strandavegur	Kleifá (Kleifaá)
643	06	Strandavegur	Seljá
923	01	Jökuldalsvegur	Hnjúksá á Jökuldal
2530	01	Skeggjastaðavegur	Skurður við Skeggjastaði
9367	01	Tunguhagavegur	Tunguhagalækur

Heildarkostnaður vegna breikkana og endurbyggingar brúa og ræsa í stað einbreiðra brúa árið 1998 er áætlaður um 670 m.kr. Stærsta einstaka verkefnið á árinu 1998 var endurbygging brúar á Gígjukvísl á Skeiðarársandi og nam kostnaður við það um 415 m.kr.

Á árinu 1999 voru eftirtaldar 17 brýr endurnýjaðar eða breikkaðar:

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
1	b4	Hringvegur	Deildará
1	b5	Hringvegur	Hólsá á Sólheimasandi
1	b6	Hringvegur	Kaldaklifsá
1	v0	Hringvegur	Þvottá
1	v2	Hringvegur	Víkura
50	03	Borgarfjarðarbraut	Geirsá
50	03	Borgarfjarðarbraut	Flókadalsá
54	11	Snæfellsnesvegur	Búlandsgil
54	11	Snæfellsnesvegur	Tunguós
60	43	Vestfjarðavegur	Gemlufallsá
61	21	Djúpvegur	Ósá
62	01	Barðastrandarvegur	Þverá í Vatnsfirði
92	07	Norðfjarðarvegur	Eskifjarðará
643	05	Strandavegur	Fossá
643	06	Strandavegur	Húsaá I
643	06	Strandavegur	Kraká
748	01	Reykjastrandarvegur	Fagranesá

Heildarkostnaður vegna breikkana og endurbyggingar brúa og ræsa í stað einbreiðra brúa árið 1999 er áætlaður um 200 m.kr.

Á árinu 2000 voru eftirtaldar 29 brýr endurnýjaðar eða breikkaðar:

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
1	a4	Hringvegur	Hörgsá
1	b2	Hringvegur	Kerlingardalsá
1	b4	Hringvegur	Hvammsá í Mýrdal
1	b6	Hringvegur	Skógá
1	k6	Hringvegur	Víðidalsá
1	q8	Hringvegur	Seljadalsá
1	s7	Hringvegur	Fremsta-Rjúkandi
1	s7	Hringvegur	Garðá hjá Skjöldólfsstöðum
1	s7	Hringvegur	Sauðá
1	s8	Hringvegur	Staðará á Jökuldal
1	t5	Hringvegur	Víná
1	t7	Hringvegur	Forviðará
50	03	Borgarfjarðarbraut	Grímsá
54	09	Snæfellsnesvegur	Bjarnafossgil
54	09	Snæfellsnesvegur	Hraunhafnará
60	02	Vestfjarðavegur	Austurá
60	31	Vestfjarðavegur	Þverá í Vattarfirði
61	26	Djúpvegur	Álftagrófará
61	26	Djúpvegur	Gervidalsá
74	02	Skagastrandarvegur	Hafursstaðaá
74	02	Skagastrandarvegur	Hallá
74	02	Skagastrandarvegur	Hrafná
76	04	Siglufjarðarvegur	Grafará

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
83	02	Grenivíkurvegur	Fnjóská hjá Laufási
85	13	Norðausturvegur	Stórilækur
507	01	Mófellsstaðavegur	Hreppsgil
360	03	Grafningsvegur efri	Torfdalslækur
2420	01	Skógavegur	Kverná hjá Skógum
5784	01	Stóra-Langadalsvegur	Skurður hjá Stóra-Langadal

Heildarkostnaður vegna breikkana og endurbyggingar brúa og ræsa í stað einbreiðra brúa árið 2000 er áætlaður um 580 m.kr. Stærstu einstöku verkefni á árinu 2000 voru endurbygging brúa á Fnjóská hjá Laufási og Grímsá í Borgarfirði, en kostnaður við þau nam um 240 m.kr. Við opnun á nýrri leið yfir Möðrudalsöræfi, Háreksstaðaleið, lögðust af 3 einbreiðar brýr á Hringvegi en þær munu áfram gegna hlutverki á landsvegi að sumri til og eru því ekki taldar með hér.

2. *Hvaða einbreiðu brýr verða breikkaðar á tímabili gildandi vegáætlunar og hver verður heildarkostnaður ár hvert á núgildandi verðlagi?*

Á árunum 2001–2004, eða til loka núgildandi vegáætlunar, er gert ráð fyrir að eftirtaldar 56 einbreiðar brýr verði endurnýjaðar eða vegum breytt.

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
1	a2	Hringvegur	Djúpá í Fljótshverfi
1	a2	Hringvegur	Laxá í Fljótshverfi
1	a2	Hringvegur	Brúará í Fljótshverfi
1	a6	Hringvegur	Skaftá
1	b5	Hringvegur	Klifandi
1	c0	Hringvegur	Þverá
1	c8	Hringvegur	Þjórsá
1	h4	Hringvegur	Norðurá í Heiðarsporði
1	k1	Hringvegur	Síká
1	k8	Hringvegur	Gljúfurá
1	k8	Hringvegur	Vatnsdalsá
1	q6	Hringvegur	Hrúteyjarkvísl
1	q8	Hringvegur	Reykjadalsá
1	s1	Hringvegur	Víðidalsá í Víðidal
1	s2	Hringvegur	Skarðsá á Fjöllum
1	s4	Hringvegur	Langadalsá
1	u5	Hringvegur	Berufjarðará
1	x0	Hringvegur	Hólmsá á Mýrum
1	x0	Hringvegur	Smyrlabjargaá
1	x1	Hringvegur	Uppsalaá
32	01	Þjórsárdalsvegur	Kálfá
35	04	Biskupstungnabraut	Brúará
35	08	Hringvegur	Laugaá
37	03	Laugarvatnsvegur	Brúará
54	15	Snæfellsnesvegur	Hrafná
54	15	Snæfellsnesvegur	Slýá
54	02	Snæfellsnesvegur	Langá á Mýrum
54	02	Snæfellsnesvegur	Urriðaá
54	03	Snæfellsnesvegur	Hítará
54	04	Snæfellsnesvegur	Kaldá
54	05	Snæfellsnesvegur	Núpá

Vegur	Kafli	Vegheiti	Brúarheiti
54	08	Snæfellsnesvegur	Staðará
60	01	Vestfjarðavegur	Skútagil
60	01	Vestfjarðavegur	Bjarnardalsá
60	01	Vestfjarðavegur	Miðdalsgil
61	26	Djúpvegur	Múlaá
61	26	Djúpvegur	Ísafjarðará
61	31	Djúpvegur	Hvalskurðarós
61	33	Djúpvegur	Rjúkandi
61	45	Djúpvegur	Ósá í Bolungarvík
76	04	Siglufjarðarvegur	Hofsá
85	03	Norðausturvegur	Laxá í Aðaldal
85	24	Norðausturvegur	Svalbarðsá
85	43	Norðausturvegur	Hölná
85	44	Norðausturvegur	Langadalsá
92	10	Norðfjarðarvegur	Norðfjarðará
93	01	Seyðisfjarðarvegur	Eyvindará
408	01	Heiðmerkurvegur	Ellidavatnsós
744	02	Þverárfjallsvegur	Laxá á Þverárfjallsvegi
806	01	Tunguvegur	Svarfaðardalsá
807	01	Skíðadalsvegur	Hofsá
807	01	Skíðadalsvegur	Skíðadalsá
917	01	Hlíðarvegur	Laxá hjá Fossvöllum
931	04	Upphéraðsvegur	Hengifossá
931	04	Upphéraðsvegur	Kvísl úr Bessastaðaá
931	04	Upphéraðsvegur	Bessastaðaá
931	05	Upphéraðsvegur	Gilsá

Áætlaður kostnaður við endurbyggingu og/eða breikkun einbreiðra brúa er eftirfarandi:

Árið	2001	1.000 m.kr.
Árið	2002	700 m.kr.
Árið	2003	400 m.kr.
Árið	2004	350 m.kr.

Kostnaðartölur eru ekki nákvæmar, sérstaklega þar sem brýr eru endurnýjaðar með stál-rörum eða eru hluti af nýbyggingu vega.

Brýr sem taldar eru hér að framan eru fjármagnaðar af nýbyggingum brúa og vega. Ekki liggja enn fyrir viðhaldsáætlanir eða áætlanir um smábrýr fyrir tímabilið. Búast má því við að listinn lengist nokkuð í raun.

3. *Hvað má áætla að margar einbreiðar brýr, þar sem umferð er meiri en 400 bílar á dag, verði enn í notkun að loknu gildandi vegáætlunartímabili?*

Að loknu tímabili nógildandi vegáætlunar er gert ráð fyrir að í notkun verði 15 brýr, þar sem ársdagsumferð er meiri en 400 bílar á dag.